



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110023513

Fimmtudagur
16. ágúst 2012
33. tbl. · 29. árg.



Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600



Bátur mánaðarins
aðeins
419 kr.



Opið
virka daga: 10 til 22
helgar: 11 til 22



Á vit ævin- týranna

„Við vorum í bíó á Ísafirði, fannst myndin leiðinleg og ákváðum að flytja til Svíþjóðar,“ segir Gísli Þór Guðmundsson. Á miðopnu í dag segja hann og kona hans, Anna Hildur Hildibrandsdóttir, frá lífi sínu í útlöndum, starfinu í tónlistarbransanum með tilheyrandi ævintýrum og ferðalögum, og ættaróðalinu Amsterdam.



VIÐ ERUM DAGLEGA Á FERÐINNI
MEÐ VÖRUR UM ALLT LAND

| www.flytjandi.is | sími 525 7890 |



„Dvölin á Vestfjörðum bjargaði lífi mínu“

„Nú er Bolungarvík eiginlega uppáhaldsstaðurinn minn í öllum heiminum, og Ísafjörður kemst mjög nálægt því,“ segir Edda Björgvinsdóttir leikkona, en hún dvaldi í Bolungarvík í meira en tvo mánuði í sumar. Edda kynntist Bolvíkingnum Soffíu Vagnsdóttur í meistaranámi í menningarstjórnun á Háskólanum á Bifröst, og ákvað í kjölfarið að flytjast vestur í byrjun sumars. Þar unnu þær stöllur að því að skrifa lokaritgerðir sínar í meistaranáminu. Edda segir þær vinkonur hafi verið uppfullar af stressi, áhyggjum og álagi í byrjun sumars en það hafi fljótlega breyst.

„Það verður að segjast eins og er að eftir heilt sumar af endalaus-

um hlátursköstum og skemmtilegum uppákomum vorum við vinkonurnar orðnar óþekktanlegar. Montnar með ritgerðirnar okkar og endurnærðar á sál á líkama. Dvölin á Vestfjörðum bjargaði lífi mínu,“ segir Edda.

Edda segir fólkið fyrir vestan vera einstakt. „Fólkið sem ég kynntist í Bolungarvík og Ísafirði er einstakt. Þetta er ekki aðeins fallegasta fólk á Íslandi, heldur eru þetta einhverjir mestu gleðigjafar sem ég hef kynnst,“ segir hún, og bætir því við að heimamenn séu svo fallegir að „líðið“ í Hollywood megi passa sig. „Á hverjum degi fórum við Soffía í sund í Bolungarvík og hömuðumst í sundleikfimi áður en við

fórum að skrifa. Í sundinu hittum við svo skemmtilegt fólk, og í raun fannst mér ég orðin ein af fjölskyldumeðlimum Bolungarvíkur eftir sumarið.“

„Hér heilsa allir af fyrra bragði, jafnt börn sem fullorðnir. Allir sem ég átti samneyti við voru svo kurteisir og yndislegir. Ég skyldi sannarlega stóran hluta af hjarta mínu eftir í Bolungarvík og ég get ekki beðið eftir því að koma aftur. Og eigum við að ræða veðrið?“ spyr Edda að lokum. „Það sást ekki ský á himni allt sumarið!“

Lokaritgerð Eddu fjallar um gagnsemi húmors í samskiptum og mun hún verja hana við hátíðlega athöfn í haust.



Edda Björgvinsdóttir leikkona.



Menntaskólinn á Ísafirði.

Þola ekki frekari niðurskurð

Menntaskólanum á Ísafirði var gert að skera niður um 12% á síðasta fjárhagsári. Jón Reynir Sigurvinsson segir niðurskurðarkröfuna hafi gengið nærri rekstri skólans, en fjárhagsáætlun skól-

ans fyrir árið 2012 gerir ráð fyrir 4% halla á rekstri. Jón Reynir vonar að ekki verði krafist frekari niðurskurðar í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2013, en frumvarpið verður opinberað

í september. „Það var skorið of mikið niður á síðasta ári og skólinn er núna rekinn með halla, eitthvað sem er alger viðsnúningur frá undanförunum árum,“ segir Jón Reynir.

Jón telur að ef skólinn fá ekki meiri fjárframlög frá ríkinu sé illt í efni. „Ef ekki verður bætt í þá veit maður ekki hvað gerist. Eitt er þó ljóst, við þolum ekki sömu fjárheimildir og á síðasta

ári.“ Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra segir ríkisstjórnina gera sér grein fyrir þeim vanda sem margir framhaldsskóla séu í, og grípa þurfi til sérstakra aðgerða vegna sumra þessara skóla. Katrín sagði í samtali við RÚV í vikunni að horft verði til þeirra skóla sem þurftu að skera mikið niður á síðasta ári við gerð næstu fjárlaga og fjárlagala.

Jón Reynir telur að Menntaskólinn á Ísafirði hafi þurft að gjalda fyrir að hafa verið vel rekin undanfarin ár. „Við höfum verið í hagræðingu og niðurskurði sjálf undanfarin ár og gengið vel. Fjárveitingarvaldið taldi okkur geta staðið okkur betur en aðra skóla og skorið meira niður. Það var einfaldlega gengið of nærri,“ segir Jón Reynir.

– gudmundur@bb.is

Egill gefur Ísafirði toppeinkunn

„Ég man þá tíð að varla var hægt að fá ætan bita á Ísafirði. Einu sinni var Pizza 67 aðalveitingastaðurinn. Nú getur maður farið á nýja og frjállega staði eins og Húsið og Bræðraborg. Á síðarnefnda staðnum er besta kaffið í bænum, en kippkorn frá er ágætur tælenskur staður sem nefnist Thai Koon,“ segir fjölmiðlamaður-

inn Egill Helgason á bloggi sínu, en þar kemur fram að Egill hafi sótt Ísafjörð heim um helgina. Í pistli sínum talar Egill um þær framfarir sem Ísafjörður hefur tekið á undanförunum árum.

Egill tekur fram að Tjörúhúsið sé sennilega besti fiskiveitingahús á Ísland og segir hann það einstaka upplifun að koma þangað. Hann rómur einnig ferðapjón-

ustufyrirtækin á svæðinu og aðrar verslanir, og einnig gistiheimilið Faktorshúsið. „Svo verður að nefna gistinguna sem við fundum hér, á efri hæð Faktorshússins sem er frá 1788. Hér eru lokrekkiur sem eru svo mjúkar að það er eins og að svífa á skýi. Ég ætla að leyfa mér að halda því fram að þetta séu fallegasta hótélherbergi á Íslandi.“ Því er óhætt að

fullyrða að Egill hafi verið ánægður með heimsóknina vestur.

„Mér sýnist að ungt fólk sé mestanpart bak við þennan uppgang í mannlífínu á Ísafirði. Eins og ég segi, það hefur alltaf verið gaman að koma hingað – en nú er það enn betra,“ segir Egill á bloggi sínu.

– gudmundur@bb.is

Samkaup

úrval

góðir grannar

Helgartilboð 16. - 19. ágúst

samkaupurval.is



Ódýrt

verð áður 998 kr

890 kr/kg

Lambaframpartur
grillsagaður, frá Goða

Grískt lambalæri
með hvítlauk, sítrónu og oreganói,
steikt með kartöflum, tómötum og ólífum
...sjá uppskrift á
samkaupurval.is



Ódýrt

verð áður 549 kr

329 kr/kg

Grill kjúklingavængir
hvítlaukskryddaðir, frá Ísfugli

Góð kaup!
verð áður 1.495 kr
Úrvals lambalæri **1.196** kr/kg



Ódýrt

verð áður 699 kr

489 kr/pk

BBQ kartöflur 600g
frá Coop



Vínberjasulta
...sjá uppskriftir

verð áður 448 kr

50% afsláttur
Græn vínber 500g **224** kr/pk



Ódýrt

verð áður 359 kr

248 kr/pk

Jarðarber 500g
frosin, frá Coop



50% afsláttur

verð áður 278 kr

139 kr/stk

Nýbakaðar ostaslaufur
frá Myllunni



Ódýrt
verð áður 359 kr
Hvítlauksbrauð **248** kr/pk
2 stk. 350g frá Coop



Öryggi veiðimanna er betur tryggt með prófunum Fræðslumiðstöðvarinnar.

Koma vel undirbúnir til landsins

„Þetta er virkilega skemmtilegt og nauðsynlegt verkefni sem hjálpar atvinnugreininni,“ segir Smári Haraldsson framkvæmdastjóri Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða, sem hefur undanfarin misseri staðið fyrir prófunum á frístundafiskimönnum. Hingað til hefur ekki tíðkast að þeir ferðamenn sem koma til Vestfjarða til sjóstangveiða, sýni fram á að þeir hafi tilskilin réttindi til að sigla þeim bátum sem þeir taka á leigu.

„Áður voru engar formlegar kröfur gerðar til þeirra. Siglingastofnun þótti þetta fyrir-

komulag ekki nógu gott og því gripum við til þess ráðs í samráði við þá að setja upp vef með námsefni. Þannig geta frístundafiskimenn undirbúið sig, en þeir gangast undir próf við komuna til landsins,“ segir Smári.

Smári segir að enginn hafi fallið enn sem komið er. „Þeir eru allir vel undirbúnir, og sumir þeirra eru mjög vel undirbúnir. Þetta er mjög jákvæð þróun,“ segir Smári, en ljóst er að öryggi bæði veiðimannanna og annarra er betur tryggt með þessu fyrirkomulagi.



Framhaldsskólum hlíft á fjárlögum

Framhaldsskólar munu ekki þurfa að ganga eins langt í aðhaldi í rekstri og flestar aðrar stofnanir á næsta ári samkvæmt væntanlegu fjárlagafrumvarpi. Þetta er haft eftir Birni Vali Gíslasyni varaformanni fjárlaganefndar Alþingis á vef Ríkisútvarpsins. Fjárlagafrumvarpið er nú í lokavinnslu en meginlinur þess liggja fyrir. Björn Valur segir við RÚV að rétt sé að líta sérstaklega til menntamála. „Þá sérstaklega rekstur framhaldsskóla sem hefur orðið fyrir talsverðum tekjumissi, ekki bara eftir hrun heldur var niðurskurður í framlögum til framhaldsskóla í aðdraganda hrunsins og þar af

leiðandi af litlu að taka þegar á þurfti að halda.“

Í skýrslu Jóns Reynis Sigurvinssonar, skólameistara Menntaskólans á Ísafirði, sem hann flutti við jólaútskrift skólans, kemur fram að fjárheimildir til skólans hafa lækkað um 24% að raungildi frá 2007. Í fjárlögum fyrir árið 2012 var gert ráð fyrir rúmlega 12% niðurskurði á fjárheimildum til skólans. Aðhaldsspá fyrir árið 2012 í rekstraráætlun skólans sýndi um 33 milljóna króna halla miðað við fjárlagafrumvarp 2012 sem myndi leiða til 21 milljóna króna uppsafnaðs halla í lok ársins.

– thelma@bb.is

Hátt í 3000 hektarar undir frístundabyggð

Á Vestfjörðum eru 2.862 hektarar lands skilgreindir sem svæði fyrir frístundabyggð í aðalskipulagi að Árneshreppi undanskildum. Mest munar um 1.800 hektara blönduð svæði fyrir frístundabyggð og skógrækt í aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 1999-2018. Í aðalskipulagi Bolungarvíkur 2008-2020 er 371 ha lands skipulagður undir frístundabyggð og í

aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018 er frístundabyggð skipulögð á 183 ha lands.

Sérstakir skilmálar gilda fyrir uppbyggingu húsa á hverfisvernduðum svæðum í dreifbýli og norðan Djúps í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 en á þeim svæðum getur mögulegur fjöldi frístundahúsa verið 199 við lok skipulagstímabilsins en í öllu

sveitarfélaginu eru núverandi og fyrirhugaður fjöldi frístundahúsa um 500.

Í öðrum sveitarfélögum á Vestfjörðum eru svæði fyrir frístundabyggð umfangsminni.

Þetta kemur fram í drögum að greinargerð um stöðu og þróun skipulagsmála sem Skipulagsstofnun hefur tekið saman.

– thelma@bb.is



Háskólasetur Vestfjarða er í Vestrahúsinu á Ísafirði.

Setja Háskólasetur Vestfjarða í fyrsta sæti

„Við þurfum að hafna töluverðum fjölda fólks á hverju ári,“ segir Kristín Ósk Jónasdóttir kennslustjóri Háskólaseturs Vestfjarða, en um 20 nemendur hefja meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun í næsta mánuði. Að sögn Kristínar eru umsækjendurnir mjög hæfir og koma víðsvegar að. „Við erum að fá umsækjendur frá mjög flottum skólum og það eru allt saman mjög öflugir nemendur sem við tökum inn í námið.“ Kristín telur að Háskólasetur Vestfjarða orðið

fyrsta val flestra þeirra sem sækja um nám við skólann. „Við höfum það að á tilfinningunni að þeir sem sækja um skólavist hjá okkur setji Háskólasetrið í ríkari mæli í fyrsta sæti. Áður buðum við fleirum skólavist sem þáðu hana ekki.“

Námið í haf- og strandsvæðastjórnun er þverfaglegt og geta nemendur úr næstum hvaða grunnnámi sem er sótt inngöngu, að því búnu að það hafi lokið bakkalár prófi. Meirihluti þeirra nemenda sem hafa fengið inngöngu í námið á Ísafirði kemur

úr umhverfisfræðigreinum eins og líffræði, en einnig er dæmi um að nemendur úr hagfræði og lögfræði hafi fengið inngöngu.

Nokkrir nemendur eru þegar komnir til landsins, en kennsla hefst 3. september. „Einhverjir nemendur sækja þriggja vikna íslenskunámsekið, en aðrir bara eina viku. Þetta fólk er allt komið með húsnæði og verður hér og þar í bænum,“ segir Kristín, sem segir „Herkastalann“ í Mánagötu vera vinsælan dvalarstað nemenda. – gudmundur@bb.is

Áætlaður kostnaður við Mávagarð hærri en talið var

Kostnaður við að gera lóðina á Mávagarði á Ísafirði byggingarhæfa verður hærri en talið var í fyrstu. Áætlað var að kostnaðurinn yrði á bilinu 2-4 milljónir króna. Í byrjun júlí var farið í jarðvegsrannsókn á lóðinni og samkvæmt niðurstöðum hennar er meira en 18 metrar niður á fastan jarðveg. Í minnisblaði Jóhanns Birkis Helgasonar sviðsstjóra var niðurstaða verkfræði-

stofunnar VSÓ að bregðast við þessu með því að framkalla sig. Það myndi koma tiltölulega fljótt fram eða á 6-8 vikum.

„Áætlaður kostnaður við efni, flutning og mótun er um 10 milljónir króna sem er mun meira en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir, í þeirri áætlun var eingöngu gert ráð fyrir minniháttar framkvæmdum undir tönkunum en nú er gert ráð fyrir að setja farg á öllum

byggingarreitnum,“ segir í minnisblaðinu.

Sviðsstjóri hefur óskað heimildar bæjarráðs að til að færa fjármagn sem eyrnamerkt er fyrir framkvæmdir við hjúkrunarheimili á fjárhagsáætlun yfir á Mávagarð svo hægt sé að afhenda umrædda lóð samkvæmt samkomulagi milli Ísafjarðarbæjar og Olíudreifingar ehf. Bæjarráð hefur frestað afgreiðslu málsins.

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



NÝTT



KORTATÍMABIL

FIMMTUDAGUR 16. ÁGÚST

NÝTT



KORTATÍMABIL

FIMMTUDAGUR 16. ÁGÚST



FERSKT NAUTGRIPAHAKK

1295 KR. KG



FERSKT NAUTGRIPAGÚLLAS

1898 KR. KG



FERSKT NAUTGRIPA SNITSEL

1898 KR. KG



FERSKT KJÖTFARS 620 GR

259 KR. STK



FERSKIR NAUTAVEISLU 4 STK. NAUTGRIPAHAMBORGARAR MED BRAUÐI

695 KR. PK



MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770 GR

259 KR. STK



ES SYKUR I KG. 198 KR.KG

EURO SHOPPER KJÚKLINGABRINGUR FROSNAÐ 900 GR



1498 KR. PK ÓDÝRUSTU KJÚKLINGABRINGURNAR Í BÓNUS



OS GOUDA 26% OSTUR 998 KR.KG



FROSIN LAMBASVIÐ 229 KR.KG

30 TONN Í BODI Á ÞESSU VERÐI



KRUKKA MEÐ LOKI 159 KR.



98 KR. 500 ML



BÓNUS VÖFFLUMIX 298 KR. 475 GR



RABARBARA SULTA 398 KR. 500 GR



BÓNUS KAFFI 500 GR 398 KR. 500 GR

BONUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veititungda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur



Hermann Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Vestfirskra verktaka.

Býst við erfiðum vetri

„Ég verð að taka undir orð Gylfa. Það eru því miður engin stærri verkefni hjá okkur í þípunum fyrir en næsta sumar, og því er eins háttáð með önnur verktakafyrirtæki hér á svæðinu,“ segir Hermann Þorsteinsson framkvæmdastjóri Vestfirskra verktaka. Hermann vísar þar í orð Gylfa Arnbjörnssonar forseta Alþýðusambands Íslands í Morgunblaðinu, en þar segir Gylfi að verktakafyrirtækin kvarti undan verkefnaskorti og kvíði haustinu.

Hermann segir að þótt Vest-

firskir verktakar muni sjái um byggingu hjúkrunarheimilisins Eyri á Ísafirði, sem hefst á næsta ári, skorti fyrirtækin verkefni af minni stærðargráðu. „Það er ekki nóg að tala alltaf um einhver risastór verkefni. Okkur vantar millistærðina af verkefnum, verkefni sem kosta á bilinu 300 til 500 milljónir. Það eru ekki mörg verktakafyrirtæki sem ráða við stærri verkefni,“ segir Hermann, og beinir orðum sínum til ráðamanna. „Það þarf eitthvað að fara að gerast svo hjólin geti farið að snúast á landsbyggðinni.“

Vestfirskir verktakar reisa nú

íbúðir fyrir eldri borgara í Bolungarvík og verður það þeirra helsta verkefni í vetur. Vegna verkefnaleysisins segir Hermann það koma til þess að endurskoða mál starfsmanna fyrirtækisins. „Við erum alveg bjartsýnir ennþá, en það eru teikn á lofti um að veturinn verði mjög harður.“

Hann telur að fyrsta skrefið sem stjórnvöld geta tekið til að þess liðka um fyrir verktakafyrirtækjum á Vestfjörðum væri að lækka húshitunarkostnað. „Um leið og það er gert geta hjólin farið að snúast. Þá verður eftirsóknarverðara að búa hér og starfa.“ – *gudmundur@bb.is*

Spurningin

Ætlar þú í haustferð til útlanda?

Alls svöruðu 587.

Já sögðu 131 eða 22%
Nei sögðu 419 eða 71%
Óvíst sögðu 37 eða 7%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Norðaustanátt, rigning eða súld á austanverðu landinu og við NV-ströndina, en skýjað með köflum og yfirleitt þurr í öðrum landshlutum. Hiti svipaður. **Horfur á laugardag:** Norðaustanátt, rigning eða súld á austanverðu landinu og við NV-ströndina, en skýjað með köflum og yfirleitt þurr í öðrum landshlutum. Hiti svipaður. **Horfur á sunnudag:** Útlit fyrir austlæga átt og milt veður.

Ritstjórnargrein

Stöndum vörð um Menntaskólann

Þótt ofsagt kunni að vera að baráttan fyrir stofnun menntaskóla á Ísafirði hafi kostað blóð, svita og tár var hún engu að síður torsótt og hafði staðið yfir árum saman þegar sigurinn var endanlega í höfn með setningu skólans í Alþýðuhúsinu á Ísafirði haustið 1970 og kennsla hófst í gamla barnaskólahúsinu. Samstaða Vestfirðinga í baráttunni fyrir skólanum er nokkuð sem líta mætti til og taka til fyrirmyndar í þeirri stöðu sem uppi er í dag á marga vegu, hér vestra.

Menntaskóli á Ísafirði var nokkuð sem átti sér andstæðinga, sem ljóst og leynt töldu fásinnu að slík menntastofnun gæti þrífist í fámenninu vestra, og óþörf með öllu, þar sem vestfirsk ungmenni gætu hér eftir sem hingað til kastað upp krónupeningi til ákvörðunar um hvort förlinni yrði heitið norður eða suður, að loknu landsprófi.

Af fundargerð skólanefndar MÍ frá því í vor er sýnt að rekstrarhalli á skólanum verður ekki umflúinn þrátt fyrir aðhaldsaðgerðir. Ekki verði hjá því komist að auka framlög til skólans, eigi að vera unnt að halda úti fullnægjandi námsframboði. Þá kom einnig fram að samdráttur undanfarinna ára leiddi til þess að fjöldi kenndra áfanga hefur fækkað til muna, sem aftur olli að nemendur urðu að sækja kennslu annað með fjarnámi, sem óhjákvæmilega leiddi til aukins kostnaðar. Þetta er alvarlegt mál. Skólinn missir trúgildi sitt eftir því sem dregur úr námsframboði.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Silfurgötu 1, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is. **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is. · Guðmundur Björn Þorbjörnsson, sími 692 8686, gudmundur@bb.is. **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is. **Abyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið m. vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**



VESTURBYGGÐ

Grenndarkynning

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Klifs snjóflóðavarnir í Vesturbyggð

Bæjarstjórn Vesturbyggðar auglýsir hér með tillögu að breytingu á deiliskipulagi, Klifs snjóflóðagarðar í Vesturbyggð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að sýndur er slóði að framkvæmdasvæði varnargarðs á Patreksfirði ofan við Sigtún.

Breytingartillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofunum að Aðalstræti 63 frá og með fimmtudeginum 16. ágúst til og með fimmtudeginum 20. september 2012. Einnig er tillagan á heimasíðu Vesturbyggðar.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna.

Frestur til þess að skila inn athugasemdum rennur út fimmtudaginn 20. september. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofu Vesturbyggðar, Aðalstræti 63. Þeir sem ekki gera athugasemdir við breytingartillöguna fyrir tilskilinn frest, teljast samþykkir henni.

Bæjarstjóri Vesturbyggðar.

Kanna nýjar leiðir í ferðaþjónustu

„Í grunninn gengur þetta út á að kafa, veiða og elda. Þetta er ný tegund af ferðaþjónustu sem við erum að skoða hvort hægt sé að koma á hér á Vestfjörðum,“ segir Bjarki Sigurjónsson sumarstarfsmaður hjá Mátis á Ísafirði. Mátis vinnur nú að verkefninu *Gourmet Diving/Frá köfun í maga á Ísafirði* sem styrkt er af AVS sjóðnum, en hugmynd verkefnisins kemur frá fyrrum mastersnema í haf- og strandsvæðastjórnun á Ísafirði, Alan Deverell. Deverell hann kannaði möguleikann á uppbyggingu ferðaþjónustu á Vestfjörðum sem felur í sér köfum (snorkl) þar sem ferðamenn geta veitt sér til matar sem er síðan eldaður fyrir þá um kvöldið.

Hlutverk Bjarka í sumar hefur verið að kanna hentugar köfunarstöður í Ísafjarðardjúpi, Dýrafirði og Önundarfirði og leita uppi ákveðnar tegundir sem henta vel til matargerðar. „Við erum að

leita að ákveðnum tegundum, t.d. ígulkerinu skollakoppa, kræklingi, öðuskel, hörpudiski, beiti-kóngi og fleiri skeldýrum eins og sandskel, en einnig horfum við til krabbadýra,“ segir Bjarki. Markmið verkefnisins er að finna köfunarstaði sem eru í senn heillandi og ríkir af lífi. Bjarki hefur ásamt Sveinbirni Hjálmarssyni sinnt köfunarathugunum og hafa þeir fundið marga spennandi köfunarstaði.

Bjarki segir samkeppnina fyrir ferðaþjónustu af þessum toga litla, enda sé hún ný af nálinni.

„Það er lítið til af ferðaþjónustufyrirtækjum sem bjóða upp á svona fyrirkomulag.“ Alan Deverell, hugmyndasmiður verkefnisins, gerði könnun á Ísafirði meðal erlendra ferðamanna um hvort þeir hefðu áhuga á að kafa á Vestfjörðum. 60% þátttakenda svaraði jántandi, en Deverell gerði könnunina meðan hann vann að

lokaritgerð sinni. „Könnunin var einnig send á köfunarklúbba erlendis. Markaðssetning á þessu verkefni er stór hluti og mikilvægur og er hann í raun að hefjast núna. Það má segja við séum að ljúka fyrsta stiginu með köfununum,“ segir Bjarki. Aðrir aðilar en Mátis sem koma að verkefninu eru Náttúrustofa Vestfjarða, Hótel Núpur, sportköfunarfyrirtækið Dive.is, Alan Deverell - auk þúsundþjalasmiðsins og kafarans Sveinbjörns Hjálmarssonar.

„Staðalmynd köfunar meðal ferðamanna tengist gjarnan hitabeltissvæðum, en sú mynd er að breytast. Köfufurum fjölga mjög ört og köfunarbransinn breiðist út og gjarnan er horft til framandi staða, m.a. Íslands. Þetta er að verða fjölbreyttara. Hér á Vestfjörðum eru áhugaverð svæði og niðurstöður okkar eftir að hafa kafað hér í sumar eru þær að þetta er vel mögulegt,“ segir Bjarki.



Bjarki Sigurjónsson frá Mátis að gera sig kláran í köfunarleiðangur.



Ísfirski biskupinn, ísfirski forsetinn og ísraelska forsetafrúin.

Ísfirskur forseti og ísfirskur biskup

Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands var á dögunum settur inn í embætti við hátiðlega athöfn í dómkirkjunni. Ólafur er fyrsti forset-

inn í sögu lýðveldisins sem hefur fimmta kjörtímabilið, en Ólafur fæddist á Ísafirði og sleit þar barnsskónum. Annar Ísfróingur, sr. Agnes M. Sig-

urðardóttir var viðstödd athöfnina, en hún var vígð til embættis biskups Íslands fyrr í sumar og er fyrsta konan til að gegna því embætti. Gunnar

G. Vigfússon ljósmyndari tók þessa skemmtilegu ljósmynd við athöfnina, en frú Dorrit Moussaieff forsetafrú er með þeim á myndinni. Þess má til

gamans geta að sr. Sigurður Kristjánsson, faðir Agnesar og fyrrum sóknarprestur á Ísafirði, skírði Ólaf Ragnar fyrir tæpum 70 árum.

Mikill áhugi á hjúkrunarfræði á Ísafirði

Að minnsta kosti fjórtán nemendur verða skráðir í fjarnám frá Háskólanum á Akureyri í hjúkrunarfræði við Háskólasetur Vestfjarða í vetur. Vekur þetta nokkra athygli, þar sem stór hópur hjúkrunarfræðinema útskrifaðist frá Háskólasetri Vestfjarða í sumar. Að sögn Kristínar Óskar Jónsdóttur, kennslustjóra Háskólasetursins, er venjan sú að nýr hópur í fjarnáminu fari af stað á fjögurra

ára fresti. Vegna áhugans á Ísafirði var þetta fyrirkomulag endurskoðað.

„Háskólinn á Akureyri vill hafa aðeins einn fjarnámshóp í gangi í einu. Einn slíkur er í gangi núna í Reykjanesbæ en vegna áhugans hér verðum við hluti af þeim hópi,“ segir Kristín, sem gat ekki útskýrt þennan mikla hjúkrunarfræðiáhuga á Ísafirði.

– gudmundur@bb.is



Útskriftarhópur Háskólaseturs Vestfjarða í útskriftinni á Hrafnseyri fyrr í sumar.

Eiga samastað í Amsterdam

Ævintýraþrá þeirra Önnu Hildur og Gísla Þórs Guðmundssonar hefur sett mark sitt á líf þeirra beggja – alveg upp frá því að þau kynntust í Gautaborg árið 1981. Anna Hildur og Gísli hafa búið í London í yfir tuttugu ár, og slysuðust þar hálfpartinn út í að starfa sem umboðsmenn og í önnur verkefni innan tónlistargeirans.

Þegar þeim hjúum finnst þörf á því sleppa takinu á klukkunni og símanum og segja skilið við heimshornaflakk um hríð halda þau gjarnan til Amsterdam – það er að segja í litla húsið í Sundstrætinu á Ísafirði, þar sem fjölskylda Gísla hefur alið manninn áratugum saman. Það var í sólríka bakgarðinum við Amsterdam sem blaðamaður fann Önnu Hildi og Gísla Þór þegar þau voru stödd hér á landi í sumarfríi í júlilok.

Af Dokkupúkaættum

Þó að Anna Hildur sé alin upp í Garðabænum eru rætur hennar allar á Ísafirði, nánar tiltekið í Sundstrætinu sjálfu. „Ég er dóttir Jónu Valgerðar Höskuldsdóttur og Gísla Hildibrands Guðlaugs-sonar. Mamma er fædd hér á Ísafirði og ólst upp í Sundstræti 39, sem afi minn byggði. Það er nú merkt Höskuldahús. Langafi minn hafði áður byggt húsið sem er þar við hliðina, númer 37 og ég þekki sem Milluhúsið,“ segir Anna Hildur frá. Langafi hennar í föðurætt, Ásgeir Jónsson, var fyrst búsettur á Ísafirði, en fluttist síðar á Suðureyri. „Þar bjó hann ásamt seinni konu sinni, Siggu ljósu. Þau bjuggu við hliðina á ömmu hans Gísla.

Okkur fannst það svolítið myndi þegar við byrjuðum saman og uppgötvaðum að seinni kona langafa míns hefði tekið á móti öllum börnunum í Bakaríinu á Sígandafirði, þar á meðal mömmu Gísla,“ segir Anna Hildur og brosir.

Sem barn dvaldist Anna Hildur oft á Ísafirði á sumrin. „Þegar ég var orðin stálpuð vann ég til dæmis í Penslinum hjá Davíð frænda. Ég var að afgreiða þar allavega tvö sumur. Ég var líka aðeins að skottast í búðinni hans afa þegar

ég var svona tólf ára. Hann var með gullsmíðaverkstæði sem hét Sappho, beint á móti þar sem Villi rakari er til húsa núna,“ segir hún frá. Á fjórða áratugnum keyptu afi og amma Önnu Hildur Ytri-hús í Arnardal, þar sem þau reistu sumarbústað, héldu kindur og ræktuðu kartöflur. „Þangað fórum við stundum á sumrin. Í dag eiga mamma og systkini hennar bústaðinn og landið og skiptast á að vera þar,“ segir Anna Hildur frá.

Gísli Þór er hins vegar borinn og barnfæddur Vestfirðingur, sonur Rögnu Sólberg og Guðmundar Gíslasonar. „Ég er hálfur Ísafirðingur og hálfur Súgfirðingur, fæddur á Ísafirði. Ég er í sjálfu sér Dokkupúki eins og Anna Hildur, sem á líka ættir að rekja til Dokkupúkanna. Ég bjó fyrst í Aðalstræti 15 og síðar í Fjarðarstræti 6, en ég var mjög oft hér í Amsterdam hjá ömmu,“ útskýrir Gísli, en húsið hefur verið í eigu ættar hans í yfir 100 ár. Það var upphaflega byggt sem smíðja en upp úr aldamótunum 1900 var það orðið að mannabústað og þá gefið langa-langömmu Gísla. „Við vorum að verða amma og afi núna fyrir skömmu og Harry litli er sjöundi ættliðurinn sem kemur í húsið,“ segir Gísli frá. Ættin hefur þó hleypt öðrum að inn á milli, svo sem til að gera upp húsið, eins og Gísli segir sjálfur. „Kristinn, sem á Dórukot núna, bjó hér um tíma og gerði húsið þá upp. Þar á eftir bjó Mugison hér. Hann lofaði að láta mig vita ef hann myndi selja og stóð við það þegar hann þurfti að stækka við sig,“ útskýrir Gísli.

Kynntust í uppvaskinu í Gautaborg

Þó að rætur þeirra Önnu Hildur og Gísla liggja hreinlega í sömu götuna á Ísafirði kynntust þau ekki fyrr en bæði höfðu leitað út fyrir landssteinana. Leiðir þeirra lágu saman í Svíþjóð árið 1981. „Við fórum bæði á vit ævintýranna. Ég fór út af því að Vala systir bjó í Gautaborg. Hún rak eldhúsið á sjúkrahúsi í borginni og ég fékk vinnu í uppvaskinu. Ég var átján ára og vildi prófa

eitthvað nýtt,“ segir Anna Hildur.

Gísli var hins vegar að „búa til Volvo“, eins og hann segir. „Ég flutti út með öðrum Ísafirðingi, Hirti Grétarssyni frænda mínum. Við vorum í bíó á Ísafirði, fannst myndin leiðinleg og ákváðum að flytja til Svíþjóðar. Það var eiginlega þannig. Við fórum að hitta skólabróður okkar sem bjó í Svíþjóð, Gunnar Örn Svavarsson, og fengum að búa hjá honum. Gunnar Örn fór svo í frí og Anna Hildur fékk herbergið hans lánað á meðan. Hana vantaði húsnæði, en hún sagði mér ekki að hana vantaði kærasta líka,“ segir hann og brosir við.

Saman lá leið þeirra næst á heimaslóðir á Ísafirði þar sem Gísli hugðist ljúka menntaskólann á Ísafirði og Anna Hildur elti hann, eins og hún segir sjálf. „Við vorum hérna í eitt ár, sem var erfitt. Og það er í eina skiptið sem við höfum búið hérna saman,“ segir Gísli. Blaðamanni leikur forvitni á að vita hvað reyndist þeim svo erfitt þennan vetur.

„Hann var bara svo hraðilega snjópungur vetur og mikið myrkur,“ segir Anna Hildur. „Amma hans Gísla var orðin rúmlega sjötug en vann ennþá uppi í Íshúsfélagi. Við fengum bílinn hjá Rögnu lánaðan til að koma hingað og koma Þorbjörgu í vinnuna á morgnana. Við þurftum að moka frá dyrunum nánast daglega, það snjóaði yfirleitt yfir þær,“ útskýrir hún.

Eftir árið á Ísafirði fluttust þau suður þar sem þau luku bæði stúdentsprófi í Flensborg. Anna Hildur kláraði svo BA-próf í íslensku og kennsluréttindi, en Gísli nam prentsmíði í Lúnskólanum og vann sem slíkur á Dagblaðinu í nokkur ár. Þau höfðu þó í mörg önnur horn að líta. „Við vorum mjög aktív í pólitík á þessum tíma – ég var á fullu í háskólapólitíkinni og við bæði í pólitísku starfi og sinntum ýmsum áhugamálum. Við settum til dæmis upp fyrsta einkarekna barnaheimilið í Háskólanum ásamt fleira fólki, sem hét Gríma. En svo leitaði hugurinn alltaf út aftur. Okkur langaði bæði að fara út í nám og víkka sjóndeildar-

hringinn,“ segir Anna Hildur og Gísli tekur undir það.

„Við vorum líka komin með tvö börn. Við vorum búin að vera svo á kafi í félagsmálum og öllu mögulegu að okkur langaði bara að fá að vera fjölskylda í friði. Svo við fluttum út. Við völdum á milli Ástralíu, Kanada og Englands og ákváðum á endanum að fara til Englands af því að það var styst, krakkanna vegna. Þannig gætu afar og ömmur nokkuð auðveldlega komið og hitt okkur eða við farið og hitt þau,“ segir Gísli.

„Við hugsuðum reyndar töluvert um Halifax...“ segir Anna Hildur og Gísli hristir höfuðið. „Það er bara jafnkalt þar og á Ísafirði! Við fórum í rigninguna í staðinn,“ segir hann.

Mistókst ætlunarverkið

Dætur Gísla og Önnu Hildur, Álfrún og Embla, voru tveggja og þriggja ára gamlar þegar fjölskyldan fluttist til Englands fyrir 21 ári síðan. Þegar út var komið hóf Gísli nám í grafískri hönnun, en Anna Hildur ætlaði sér hins vegar að verða heimavinnandi húsmóðir.

„Mér mistókst það alveg hræpalega. Ég varð fréttaritari Bylgjunnar bara þremur mánuðum eftir að ég kom út. Heimur Mór Pétursson sem ég kynntist í vinahópi Gísla á Ísafirði, var að vinna á Bylgjunni á þessum tíma. Hann hafði sagt Elínu Hirst að hann þekkti einhvern í London og það vantaði einhvern til að segja fréttir frá London. Þetta var svo allt öðruvísi þá, fyrir tíma internetsins,“ segir Anna Hildur og brosir við. „Ég var reyndar mjög treg til en Elín hringdi í mig og náði einhvern veginn að dubla mig til að prófa. Ég man að ég sat og svitnaði hrikalega yfir einhverjum Sykurmolapistli. Ég missti af hádegisfréttunum af því að mér fannst svo erfitt að hnoða þessu saman, en náði þessu svo í sexfréttirnar – stamandi og alveg í sjokki yfir því að vera að tala við alla þjóðina,“ segir Anna Hildur og hler að minningunni. Nokkrum árum síðar tók hún við af Hildi Helgu Sigurðardóttur

sem fréttaritari fyrir Ríkisútvarpið, en Anna Hildur hafði þá lokið MA-námi í útvarpsvinnslu.

„Þegar ég var búin að vinna fyrir Bylgjuna í nokkur ár ákvað ég að fara í nám. Mér fannst ég bara ekki kunna neitt í þessu. Ég fór í tólf mánaða nám í Goldsmith's College. Við lærðum útvarpsvinnslu og allt sem snýr að henni. Aðalkennarinn okkar var mikið í útvarpsleikhúsi svo við sem höfðum gaman af því, þar á meðal ég, fórum mikið í það, en við lærðum líka blaðamennsku. Við vorum viðstödd réttarhöld, sögðum fréttir og fórum í talnám til að ná framburðinum almennilega, sérstaklega við útlendingarnir. Þetta var mjög skemmtilegt nám,“ segir Anna Hildur, en í kjölfar þess fékk hún ýmis verkefni. „Ég vann til dæmis í lausamennsku hjá japanska sjónvarpinu í tvö ár. Ég var líka með pistla og komment á World Service og öðrum fréttamiðlum þarna úti af og til, samhliða því að vera fréttaritari hjá Ríkisútvarpinu,“ útskýrir hún.

Húsmóðuráformin fóru því fljótlega forgörðum. „Ég var bara ekkert material í heimavinnandi húsmóður – alveg sérstaklega ekki í Kent í Englandi þar sem það var svona ætlast til þess að konurnar væru með heita máltíð tilbúna þegar maðurinn kæmi heim úr vinnunni. Ég sá að þetta stefndi í tóm leiðindi svo ég var mjög fljót að koma mér í einhverja vinnu,“ segir hún og hler. Blaðamennskan átti líka vel við hana. „Ég hafði mjög gaman af þessu. Ég er forvitin að eðlisfari og finnst gaman að segja frá fréttum og greina mál. Svo finnst mér líka rosalega gaman að ferðast og þetta var frábært tækifæri til þess. Ég fékk að ferðast um allt Bretland; fór til Hjaltlands og Norður-Írlands og út um allar trissur,“ bætir hún við.

Samvinnan hefur gengið vel

Áhugi Gísla Þórs á grafískri hönnun, sem hann lærði í Englandi, kviknaði að hans sögn á árunum sem hann vann sem



prentsmiður hjá Dagblaðinu. „Ég var mjög fljótur að taka makkann upp og kunnir vel á hann þegar enginn annar á Dagblaðinu kunnir neitt fyrir sér í því. Ég var þess vegna allt í einu lentur í því að búa til veðurkort og annað efni. Ef það voru flugslys var ég settur í að búa til kort með pílu og flugvél að hrapa. Það kunnir þetta enginn annar. Mér fannst líka gaman að prófa eitthvað nýtt, þetta var svolítið ævintýri,“ segir hann.

Að námi loknu tók hann til starfa hjá hjá læknaþókaútgáfu ytra, þar sem hann vann í ein fimmtán ár eða svo. „Á þessum tíma var mjög erfitt að fá vinnu sem grafískur hönnuður. Þetta var á internetbólú-árunum og greinin því að breytast og margir komnir í þetta. Maður tók þess vegna bara því sem bauðst. Ég kunnir ágætlega við þetta, þangað til ég var farinn að gera forsiðu á þriðju útgáfunni af einhverri læknaþóka og höfundurinn vildi alltaf hafa hana eins,“ segir hann frá og brosir út í annað. „Ég var að reyna að segja honum að hann ætti að breyta eitthvað til, til að selja nýju útgáfuna. Læknar eru örugglega fastheldnasta fólk sem maður hittir! Röntgenmynd er bara röntgenmynd, og það á sko ekki að poppa hana neitt upp. Ég fékk leið á þessu,“ segir Gísli.

Hann söðlaði því alfarið um og hellti sér af fullum krafti í tónlistartengd störf og umboðsmennsku, og vinnur við það í dag. Gísli þekkti reyndar vel til tónlistargeirans. „Anna Hildur byrjaði á undan mér, en ég var búinn að vera að hjálpa henni í þessu. Við höfum reyndar oft unnið saman. Þegar hún var að fara sem blaðamaður til Norðurlands og fleira, fór ég sem ljósmyndari með henni. Við skrifuðum greinar í Vikuna og Mannlíf og fleira og höfum oft brallað í verkefnum saman,“ segir Gísli.

Gengur þeim þá vel að vinna saman? „Tja, við erum allavega ennþá saman,“ segir Gísli og Anna Hildur brosir við. „Ég held að við eigum gott með það, já. En það er kannski líka vegna þess að við höfum verið í svolítið ólíkum hlutverkum. Þegar ég var að skrifa texta var Gísli að taka myndir og þannig. Samvinnan hefur að minnsta kosti ekki verið það erfiðasta í sambandinu!“ segir hún og hlær.

Ár Gísla hjá útgáfunni hentuðu fjölskyldunni líka vel. „Á meðan stelpurnar voru ennþá litlar var ég frlans og Gísli í fastri vinnu. Dagvistunarmál í Bretlandi voru ekki upp á marga fiska á þessum tíma og dagheimili mjög dýr. Okkur tókst að haga því þannig að annað okkar gæti lagað vinnutímamann sinn að þörfum barnanna en hitt hafði fastar tekjur. Við komumst allavega í gegnum þetta allt án þess að það kæmi mikið niður á barnauppleddi og fjölskyldu-

skipulagi,“ segir hún.

Fékk ráð frá umboðsmanni Stevie Wonder

Eftir rúman áratug í blaðamennsku fannst Önnu Hildi kominn tími til að breyta til. „Ég lauk blaðamannaferlinum mínum með því að gera viðtalsbók við Gísla Guðjónsson réttarsálfræðing. Ég var búin að tala svo mikið í útvarpið og fannst eins og það lægi ekkert eftir mig neins staðar. Ég ákvað þess vegna að skrifa bók um það viðfangsefni sem ég hafði sagt flestar fréttir um, og það var Gísli Guðjónsson,“ útskýrir hún.

Á þessum tíma hafði hún þegar stigið sín fyrstu skref í umboðsmennsku, en fyrir hálfgerða tilviljun varð hún umboðsmaður hljómsveitarinnar Kolrössu krókríðandi, sem hét Bellatrix á erlendri grund. „Ég kynntist þeim þegar ég var aðstoðarmanneskja við gerð fimm þátta seríu fyrir fyrstu háskerpusjónvarpsstöðina í Japan,“ segir hún frá. „Einn þátturinn fjallaði um menningu og listir. Ég man að ég spurði Ásmund Jónsson hjá Smekkleysu hvaða bönd gætu virkað í svona japönskum þætti. Hann nefndi Kolrössu krókríðandi, að það væri þjóðlagaskotið popp-rokk sem gæti verið skemmtilegt. Í þáttinn fékk ég að lokum Thor Vilhjálmsson, Pál í Húsafelli og þessa hljómsveit,“ segir hún.

Ári síðar hringdi Elísa Geirsdóttir, söngkona sveitarinnar, í Önnu Hildi og bað hana að vinna með þeim. „Ég hummaði þetta fram af mér í fyrstu en fór síðan að hjálpa þeim. Þetta gekk svo allt mjög vel. Lítið fyrirtæki gaf út tvær smáskífur með þeim og EP-plötuna *G*. Upp úr því kom svo fimm plötu samningur. Ég hafði verið að hjálpa þeim bara svona meðfram blaðamennskunni, en á þessum tímamarki ákvað ég að ég væri búin að læra nógu mikið til að geta kallað mig umboðsmann eftir að hafa sótt nokkur námskeið um tónlistarskipti og fannst ég geta gert þetta fagmannlega. Ég átti líka aðgang að mjög góðum manni, Keith Harris, sem var formaður umboðsmannasamtakanna í Bretlandi og er umboðsmaður Stevie Wonders. Hann var tilbúinn til að vera leiðbeinandi minn – ég mátti alltaf hringja í hann til að fá ráðleggingar og slíkt. Það var mikill hvalreki fyrir mig!“ segir Anna Hildur.

Afar breytilegt starf

Anna Hildur vann sem umboðsmaður Bellatrix í tvö ár og naut stuðnings Gísla í ýmsum verkefnum. „Hann hjálpaði mér alltaf. Kunnátta hans í grafískri hönnun kom að góðum notum og svo er hann náttúrulega gamall rötari fyrir Grafík og paulreyndur

í að flækjast um landið með þeirri hljómsveit,“ segir Anna Hildur. „Þetta var mjög skemmtilegur tími, það kom margir að þessu verkefni og okkur gekk mjög vel með Bellatrix. Upp frá þessu fór ég í fleiri svona verkefni og varð bæði umboðsmaður og ráðgjafi. Ég sá til dæmis um markaðssetningu á Iceland Airwaves frá 2003 til 2006, setti upp útibú fyrir Smekkleysu og sá um alla stafræna dreifingu fyrir þá, sem Gísli hjálpaði mér einmitt með líka. Þegar fyrirtækið sem hann var að vinna hjá lokaði var þetta bara ákvörðun hjá okkur – að taka skrefið til fulls og lifa þessu lífi. Stelpurnar voru orðnar eldri og við vorum komin með það mikið af verkefnum að við sáum að við gátum alveg lifað á þessu. Okkur fannst þetta skemmtilegt. Þetta er líf sem hentar okkur vel; okkur þykir gaman að ferðast, upplifa eitthvað nýtt og vera í skapandi verkefnum. Við unnum saman um tíma en Gísli hélt svo áfram og er núna með plötuútgáfu og stafræna dreifingu jafnhliða umboðsmennskunni,“ útskýrir Anna Hildur.

Árið 2007 skildu leiðir þeirra hvað samstarfið varðar, en þá var Anna Hildur ráðin til þess að koma á laggirnar Útflutnings- skrifstofu íslenskrar tónlistar, Útón. „Ég var að búa til almennt stöðkerfi fyrir útflutning á íslenskrar tónlist og ýta undir markvissa kynningu á henni. Eftir allan þann árangur sem Sykurmolarnir, Björk, Mezzoforte og Sigur Rós og fleiri höfðu náð var mikill áhugi á íslenskrar tónlist. Iceland Airwaves var að ná meira og meira flugi. Menn í tónlistargeiranum voru sammála um að það þyrfti að beina áhuganum í einhvern ákveðinn farveg,“ útskýrir hún.

Gísli starfar hins vegar enn sem umboðsmaður. Fyrsta hljómsveitin sem hann tók að sér var Sign, en hún er meðal annars skipuð bróðursonum Gísla, sonum Rafns Jónssonar. „Rabbi æfði sig nú einmitt á trommur í þessum kjallara herna í Amsterdam – það má nú kannski koma því að. Anna þóttist aldrei heyra neitt þótt húsíð léki á reiðiskjálfi,“ segir hann.

Gísli er nú með tvo artista á sínum snærum: Lay Low og For A Minor Reflection. Hann hefur unnið með seinni sveitinni um langt skeið en samstarf hans og Lay Low hófst nú í byrjun árs. Í því starfi er svo sannarlega ekki um neinn skrifstofutíma að ræða. „Ég var til dæmis að klára að koma plötu í framleiðslu fyrir Lay Low bara rétt áður en þú komst,“ segir Gísli. „Ég sem er í sumarfrí. Þetta er bara svona. Í eina skiptið sem við höfum farið í frí án tölvu var þegar við vorum á Hornströndum í þrjá, fjóra daga um daginn. Jú, og þegar við förum til Kólumbíu að heimsækja

dóttur okkar skildi Anna Hildur tölvuna eftir í Englandi en ég skildi mína eftir í Bogotá þegar við förum á tíu daga flakk. Annars er ekkert svona hefðbundið frí,“ segir hann.

Að sögn Gísla er starfið afar breytilegt og verksvið umboðsmanna breiðkar þar fyrir utan stöðugt. „Núna er umboðsmaður að gera miklu meira en áður. Maður er í rauninni oft að sjá um plötuútgáfu, kynningarstörf og dreifingu þegar verið er að þróa markaði sem tónlistarmenn hafa ekki verið á áður. Það bætist þá við umboðsmennsku því oftast er lítið fjármagn í þróunarferlinu. Þetta endar oft með því að maður gerir flestallt annað en að fara á svið og spila. Maður er með heildaryfirsýn og sér um að allir þættir gangi upp. Lay Low er til dæmis að fara á túr með Of Monsters And Men um Evrópu núna og var á túr með þeim í Bandaríkjunum í vetur. Þetta gerist ekkert af sjálfu sér, maður þarf að huga að mörgum þáttum og nýta tækifærin sem skapast til kynningar og tekiúöflunar,“ segir Gísli. „Þeim mun meiri árangri sem maður nær, því víðar dreifist vinnan, svo að segja. Ég vinn til dæmis mikið á bandarískum tíma og díla við Bandaríkjamenn. Þá er ekkert hægt að stimpla sig út klukkan fimm, því hún er alls ekki fimm í Bandaríkjunum,“ bætir hann við.

Samböndin skipta öllu máli

Samhliða umboðsmennskunni hefur Gísli haldið áfram að vinna í stafrænni dreifingu og gefið út listamenn á borð við Tómas R. Einarsson og Friðrik Karlsson ásamt erlendum aðilum á netinu og í gegnum iTunes. Hann hefur jafnframt unnið töluvert á tónlistarhátíðum eins og G! Festival í Færeyjum og nú Tallinn Music Week, lífúll tónlistarhátíð í Eistlandi ekki alls ólíkri Iceland Airwaves. „Það góða við þetta er að þetta tengist nú allt tónlistargeiranum, svo maður er yfirleitt að umgangast sama fólk,“ segir Gísli.

„Vinnan hjá okkur báðum byggist held ég mikið upp á tengslanetinu sem maður þróar,“ segir Anna Hildur og Gísli samsinnir. „Ég fæ verkefni af því að ég er með sambönd. En svo kynnist maður líka fólk í vinnunni sem er gott fyrir mig sem umboðsmann að þekkja. Fólk heldur að tónlistarheimurinn sé rosalega stór, en hann er það ekki, þetta er lítil heimur,“ segir hann.

Anna Hildur er reyndar á nýjum starfsvettvangi, þó hann sé vissulega innan sama geira. „Ég byrjaði að vinna hjá Nordic Music Export 1. febrúar í ár. Það er verkefni sem allar útflutnings- skrifstofurnar á Norðurlöndunum eiga saman. Á þessu ári er ég að

einbeita mér að því að styrkja innviðina á norræna markaðnum og auka útflutning á milli Norðurlandanna. Ég er að búa til norrænan spilunarlista í samstarfi við ríkisútvarpin og tónlistargeirann, og svo er ég að búa til norrænt ferðaprógram, til að auðvelda upprennandi artistum að ferðast á milli,“ útskýrir hún.

Eftir að hafa lifað og hrærst í tónlistargeiranum bæði innan landssteinanna og utan síðastliðinn áratug eða svo hafa þau bæði nokkuð góða yfirsýn yfir hvernig íslenskur tónlistarbransi stendur. Gísli segir hann enn einkennast af smæð sinni. „Það er helsta vandamálið hér. Og þess vegna var Útón til dæmis alveg rosalega mikilvægt,“ segir hann.

„Það eru alltaf fleiri og fleiri atvinnumenn í þessu,“ bendir Anna Hildur á, „en Ísland er ekki markaður fyrir marga til að hafa tekjur af þessu. Bretarnir, sem eru yfir 60 milljónir, segja „export or die“. Ég held að það sé lífsnauðsynlegt fyrir þá sem ætla sér langvarandi starfsferil í þessu að komast til útlanda með verkin sín. Hafandi sagt það eru alltaf undantekningar á reglunni. Listamenn eins og Bubbi, Björgvin Halldórs og fleiri tónlistarmenn lifa af því að vera tónlistarmenn á Íslandi. Hinsvegar er staðreyndin sú að þetta er mjög lítil markaður,“ segir hún.

„Já, það kemur einna helst fram í skorti á umboðsmönnum og öðrum stuðningsaðilum. En þetta er samt allt að koma núna, sem er gaman að sjá,“ segir Gísli. „Það sem Sigur Rós, Björk, Of Monsters, Emilíana og fleiri bönd sem gengur vel erlendis eru að gera er alveg æðislegt; þau vinna mikið með íslensku fólk. Það er auðvitað rosalega gott fyrir Lay Low að komast á túr með Of Monsters núna, alveg eins og þegar For A Minor Reflection fór á túr með Sigur Rós,“ bendir hann á.

Anna Hildur tekur í sama streng. „Þetta hefur alveg rosalega áhrif. Hljóðverin, hljóðmenn og tæknimenn og allir sem eru ráðnir í þessar tónleikaferðir hafa þróast mikið með því að vinna að svona alvöru, heimsklassa verkefnum,“ segir hún.

Hittast á hótélherbergjum

Míðað við lýsingar á vinnutíma má þykja augljóst að heimilishald hjá Önnu Hildi og Gísla sé ekki alltaf með hefðbundnu sniði. „Nei, við erum oft lengi í burtu frá hvort öðru. Gísli hefur á þessu ári farið í mánaðartúr með For A Minor Reflection í Bandaríkjunum og nokkrum sinnum með Lay Low og á hin og þessi festivöl. En við hittumst svona af og til...“ segir Anna Hildur og Gísli kinkar kolli. „Stundum fæ ég að sofa hjá henni,“ skýtur hann inn í og Anna Hildur hlær.

„Ég næ stundum að kippa honum inn á sama hótélherbergi. Þá erum við kannski að fara á sömu tónlistarhátíð; ég að vinna í mínum verkefnum og hann í sínum. Það er að mörgu leyti mjög heppilegt að við vinnum í sama geira. Ég er ekkert viss um að allir makar hefðu mikinn skilning á þessu lífverni!“ segir hún.

Vinnan leyfir þeim þó líka að vera nokkuð sveigjanleg. „Við vorum til dæmis saman í Stokk-hólmi núna. Hún þurfti að vera þar í mánuð vegna vinnunnar og ég fór bara með henni. Ég gat alveg eins unnið þar eins og heima hjá mér,“ segir Gísli.

Þó að þau viðurkenni bæði fúslega að þau miklu ferðalög sem störfum þeirra fylgja geti verið lýjandi hafa þau enn gaman af flandrinu. „Við erum í keppni um hvort hefur farið til fleiri landa og hún er alveg að stinga mig af núna. Ég er á bömmur,“ segir Gísli. „Ég þarf að fara að finna mér einhvern artista sem er mikið í Suður-Ameríku og Asíu. Hún stakk mig af núna og fór til Chile og Kína og Indlands á meðan ég sendi hljómsveitina til Kína án þess að fara með, til að spara einhvern pening...“ segir hann svekktur.

„Þetta er smá grín hjá okkur. En jú, það er stundum þreytandi að ferðast svona mikið. Sérstaklega þegar maður er í langflugum. Þetta er þægilegt í ár hjá mér, fyrir utan eina ferð til Þýskalands og eina til Rússlands ferðast ég bara um Norðurlöndin,“ segir Anna Hildur og brúnin á Gísla lyftist: „Nú er sóknarfæri fyrir mig!“

Gott að eiga samastað á Ísafirði

Miðað við fjölda vinnutengdra ferðalaga þarf það ekki að koma á óvart að þegar Anna Hildur og Gísli taka sér frí eru utanlandsferðir ekki endilega efst á óskalistanum.

„Okkur finnst eiginlega skemmtilegast og best að vera í fríi heima hjá okkur eða hér fyrir vestan. Þau systkinin Sóley og Gísli keyptu þetta hús fyrir nokkrum árum og okkur finnst rosalega þægilegt að geta komið hingað og eiga okkar samastað,“ segir Anna Hildur.

„Við höfum líka komið vestur á Aldrei fór ég suður þegar Anna Hildur sá um að koma með blaðamenn á hátíðina, en höfum sleppt því síðastliðin tvö ár og ákveðið að slappa af heima hjá okkur. Maður klippir einhvern veginn aldrei alveg á vinnuna þegar maður er á tónlistarhátíð,“ segir Gísli.

Nú í sumar létu þau svo gamlan draum rætast og fóru í gönguferð á Hornströndum. „Við fórum fyrir þrjátíu árum og hefur alltaf dreymt um að fara aftur. Við fengum alveg frábært veður og áttum yndislega ferð. Við löbbum



úr Veidileysufirði yfir í Hornvík,“ segir Anna Hildur. „Það er svo þægilegt að koma hingað; fara í sund, renna út færi, skreppa yfir á Súganda, koma við í Arnardal, hitta ættingja... Við förum í fiskbúðina hjá Kára, eftir að hún kom til sögunnar, og sækjum okkur harðfisk í Harðfiskvinnslu Finnboga. Þetta er einfalt og þægilegt,“ heldur hún áfram.

Álfrún og Embla eru nú báðar fluttar að heiman, þó að Embla, sem starfar sem snyrtifræðingur, sé reyndar nýlega snúin heim aftur. „Hún kom aftur með barn og kærasta með sér! En það er fínt, við erum aldrei heima hvort sem er,“ segir Gísli. „Við erum að fara að flytja út úr húsini okkar úti og þau taka við því. Okkur líkar greinilega vel að hafa hús í fjölskyldum lengi,“ bætir Anna Hildur við.

Álfrún er hinsvegar búsett á Íslandi um þessar mundir. „Hana langaði að prófa að búa á Íslandi,

eins og Embla gerði þegar hún var sautján ára. Álfrún var að ljúka BA-gráðu í enskum bókmenntum og heimspeki og flutti til Íslands nýverið. Hún vinnur við að skrifa enska texta fyrir hugbúnaðarfyrirtækið LS Retail,“ segir Anna Hildur, sem segir það áhugavert að fylgjast með dætrum sínum fóta sig í menningarrófinu.

„Þær eru með íslenskt hjarta en enskar í hugsun. Það er dálítið skemmtilegt að átta sig á því hvað það felur í sér að vera önnur kynslóð af innflytjendum í Englandi. Við höfum aldrei litið á okkur sem innflytjendur, við erum bara Íslendingar sem búum í Englandi. En maður sér að tengingarnar hjá stelpunum eru eðlilega öðruvísi,“ útskýrir Anna Hildur. „En ég finn líka að þeim þykir vænt um að við eigum þennan samastað á Íslandi og finnst auðvitað gott að heimsækja fjölskylduna sína bæði hér og fyrir sunnan. Það tengir þær við

umhverfið sem við komum úr að eiga samastað eins og þetta hús,“ bætir hún við.

Bíður eftir bæjarstjórastöðunni

En hvað með þau sjálf, sjá þau fyrir sér að snúa einhvern tíma aftur til Íslands? „Það ræðst bara. Eins og Bretarnir segja svo skemmtilega: „We'll cross that bridge when we come to it“,“ segir Anna Hildur. „Það fer vel um okkur í Englandi. Þar eigum við heima, þó að hjartað sé ennþá tengt Íslandi. Við höfum átt heima í Englandi í 21 ár og það er ekki eitthvað sem maður klippir á í flýti. Núna erum við líka nýorðin amma og afi og Harry litli Adamson Derwin á enskan pabba. Ég held að Adam og Embla séu ekkert að hugsa um að flytja sig um set, þeim líður voða vel þar sem þau eru,“ segir hún.

Þau halda þó öllum möguleikum opnum, eins og Anna Hildur segir. „England átti alltaf að vera stoppistöð. Ég er líka mjög hrifin af Spáni og hefur alltaf langað að prófa að búa þar. Kannski gerist það einhvern tíma í framtíðinni, hver veit? Við höfum heldur aldrei lokað á það að flytja aftur heim til Íslands,“ segir hún.

„Ég er til í að flytja heim ef bæjarstjórastaðan á Hornströndum býðst. Ég er að bíða eftir því að hún losni, ég er alveg til í að taka hana að mér. En þar dreg ég línuna,“ segir Gísli ákveðinn, við góðar undirtektir konu sinnar.

„Ég verð þá bara á Spáni á veturna og kem og heimsæki þig á sumrin,“ segir hún hlæjandi.

„Það verður fínt,“ svarar Gísli um hæl, „það verður þá kominn alþjóðlegur flugvöllur þarna. Og olfuhreinsunarstöð.“

Og þar með er botninn sleginn í bakgarðsspjallið í Amsterdam. – Sunna Dís Másdóttir.

Stöðugildum fækkar

Stöðugildum á vegum Ísafjarðarbæjar hefur fækkað um 35 frá því í júlí í fyrra. Samkvæmt minnisblaði Daníels Jakobssonar bæjarstjóra, sem lagt var fyrir bæjarráð á síðasta fundi, voru stöðugildin í fyrrasumar 315 en eru nú 280,5. Þó beri að taka fram að 27 stöðugildi voru í þjónustumiðstöð á vegum sveitarfélagsins en nú eru þau sjö. Skýrist það að mestu af atvinnuátaki tengdu Flateyri. Án þess er fækkun stöðugilda hjá bænum því um 5%.

56 nauðungsarsölubeiðnir

Fækkun hefur orðið á nauðungsarsölum fasteigna hjá Sýslumanninum í Ísafirði á fyrri helmingi ársins miðað við sama tímabil í fyrra. Frá 1. janúar til 1. ágúst voru nýskráðar 56 nauðungsarsölubeiðnir hjá sýslumannsembættinu en þær voru 61 á sama tíma í fyrra.

Framhaldssölur sem hafa farið fram á sama tíma eru 26. Tvær þeirra fóru fram í janúar, tvær í febrúar, þrjár í janúar, tvær í febrúar, þrjár í mars, fjórar í apríl, ellefu í maí og fjórar í júní.

smáar

Til athugunar er að leigja út fjögurra herbergja, 110 m³ íbúð á eyrinni á Ísafirði í vetur. Aðeins reglufólk kemur til greina. Upplýsingar í síma 00 47 480 70 568.



Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Ísafirði hefur þurft að skera mikið niður síðustu ár.

Mega ekki við frekari niðurskurði

„Heilbrigðisþjónusta á Vestfjörðum má ekki við frekari niðurskurði, það er alveg á hreinu,“ segir Þröstur Óskarsson framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða á Ísafirði, spurður að því hvort hann héldi að skorið

yrði meira niður í heilbrigðismálum á næsta ári. Fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2013 verður opinberað í september þegar þing tekur til starfa á ný eftir sumarfrí. „Ég treysti því einfaldlega að ekki verði meira

skorið niður. Við höfum þurft að skera ansi mikið niður undanfarin ár,“ segir Þröstur.

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða þurfti fyrr á árinu að boða lokun heilsugæslustöðvar á Suðureyri og einnig að selja húsnæði heilsu-

gæslustöðvarinnar og Sólborgar á Flateyri.

Breytingarnar taka gildi í haust og segir Þröstur það því ekki enn reynt, hvernig breytingarnar koma til með að reynast.

– gudmundur@bb.is

Góðar heimtur MÍ á vestfirskum nemendum

„Aðsókn nemenda í skólann hefur alltaf verið góð, enda fáum við nánast alla nemendur sem útskrifast úr grunnskólum á norðanverðum Vestfjörðum,“ segir Jón Reynir Sigurvinsson skóla-meistari Menntaskólans á Ísafirði. Jón Reynir segir að enn sé opið fyrir skráningu í bóknám

við skólann, en hins vegar sé skráningu lokið í málmiðn og vélstjórn. Hann segist ánægður með áhugann á málmíðnaðar- og vélstjórnarnáminu á Ísafirði. „Þetta er mjög jákvætt.“

Jón Reynir býst við því að nemendafjöldi í skólanum verði svipaður og á síðasta ári, og álíka

margir nýnemar hefji nám í skólanum og útskrifuðustu á síðastliðið vor. Þá útskrifuðustu 25 nemendur með stúdentspróf en 40 nemendur alls frá skólanum.

Í haust tekur til starfa FabLab smiðja í kjallara heimavistarinnar Jón Reynir bindur miklar vonir við smiðjuna. „Ég vona að hún

muni hafa áhrif á allt samfélagið hér á Ísafirði. Smiðjan er samstarfsverkefni margra aðila og ég er sannfærður um að ef vel er haldið á spilunum munu fyrirtæki spretta upp í kringum þessa smiðju. Hún er nú einu sinni til þess fallin að efla nýsköpun.“

– gudmundur@bb.is

Eldur slökktur og annar kveiktur

Stakkur skrifar >

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mál-efnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins.

Þrátt fyrir það bera ábyrgðar-menn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Eldar hafa logað í Laugardal í Ísafjarðardjúpi. Slökkvilið hafa barist hetjulega við eldinn og aðstæður voru erfiðar. Lið frá Ísafirði, Súðavík og Bolungarvík, auk slökkviliðs Hólmavíkur hafa staðið í ströngu. Um liðna helgi leit út fyrir að tók hefðu náðst á eldinum, en baráttan hefur verið erfið og mikla þrautseigju þurft til. Eldurinn hefur verið í sinu við Hrafnabjörg og slökkviliðsstjórnin á Ísafirði, Þorbjörn Jóhann Sveinsson, telur fullvíst að óvarlega hafi verið farið með eld, hvort sem kviknað hefur í út frá grilli eða tóbaksvindlingi. Hver sem íkveikjan var, er ljóst að afleiðingarnar eru skelfilegar. Kostnaður hleypur á milljónum króna að sögn Ómars Más Jónssonar, sveitarstjóra Súðavíkur-hrepps. Slíkt er fámennu sveitarfélagi þungur baggi, þótt von sé um greiðslur upp í kostnað úr jöfnunarsjóðum. Náttúruhamfarir hafa dunið yfir Vestfirðinga um aldir og snjófóðin fyrir tæpum tveimur áratugum eru áminning um að margt sé að varast. Hamfarir af mannavöldum ættu að vera óþarfar.

Meðferð hvers konar elds er hættuleg sé ekki farið með fyllstu gát. Sumarið hefur verið þurrt og þá er hættan enn meiri. Reykingafólk er af misjöfnum toga og sumt gætir sín við meðferð þessa hættulega efnis sem tóbak er. Alltof margir gera það ekki. Fyrir nokkrum árum loguðu eldar á Mýrum og reyndist líkt og nú torvelt að slökkva. Fólk sem ætlar að njóta sumarsins verður

að fara gætlega með eld og meðferð hans samfara neyslu áfengis og vímugjafa getur verið hættuleg líkt og ótalmörg, óteljandi, dæmi sanna. Reykingar úti í náttúrunni og opin eldur við matargerð, sem er vinsæl, enda grillað um allar trissur, hafa í för með sér hættu sé ekki varlega farið. Sumarhús eru nú 596 á Vestfjörðum og 12.225 á landinu öllu. Þau standa víðast hvar í hnapp og oftast í landi þar sem gróður er mikill. Auðvelt er að ímynda sér hvað gerist brjótist eldur út í sumarhúshaverfi á þurru sumri. Það er skelfileg tilhugsun.

Þótt svo virðist sem tekist hafi að ná tókum á eldinum í Laugardal, sem sumir fjölmiðlar kenndu við Súðavík og létu landsmenn halda um skeið að Súðavík logaði þá, eru nú aðrir að kveikja elda sem gætu haft langvinnar og alvarlegar afleiðingar fyrir þjóðina og einkum þann hlutann sem starfar í ferðaþjónustu. Í síðasta tölublaði var vikið að ferðaþjónustu, gistingu og vegum. Í því var líka viðtal við Elías Guðmundsson á Suðureyri, er lýsti bjartsýni um framtíð ferðaþjónustu á Vestfjörðum. Nú er „brennuvargur“ að fara á kreik og takist honum að tendra bálið, sem hann dreymir um, er hætt við að mjög þrengei að ferðaþjónustu á Vestfjörðum og Íslandi öllu. Talsmenn hennar telja 25.5% virðisaukaskatt rothögg. Hver ætlar nú að slökkva?

Rúmlega 10 milljónir í miðasölu

„Við gerðum samninga við íþróttafélögin á svæðinu um vinnu við mótið og eru þeir samningar árangurstengdir. Því fleiri sem keppendurnir á mótinu eru, því meira fá félögin í sinn hlut,“ segir Jóhann Bæring Gunnarsson yfirdrullusokkur Mýraboltafélagsins, en um 1200 keppendur skráðu sig til leiks á Evrópu-meistaramótið í mýrabolta sem haldið var á Ísafirði um verslunarmannahelgina. Aldrei hafa fleiri keppendur skráð sig til leiks, en þáttökugjaldið var 8500 krónur á einstakling. Lauslega má því áætla að innkoma Mýraboltafélagsins hafi verið rúmlega tíu milljónir króna, en þeirri upphæð verður stórum hluta dreift til íþróttafélaganna í bænum.

„Við viljum auðvitað að ávinn-ingur íþróttafélaganna sé sem

mestur. Með þessu fyrirkomulagi erum við líka að tryggja ábyrgðin og áhættan við að halda mót af þessari stærðargráðu sé ekki einungis á okkur,“ segir Jóhann, en íþróttafélagunum fá sinn hlut greiddan eftir að mótið hefur verið gert upp að fullu í þessari viku.

Að sögn Jóhanns verður hagnaður Mýraboltafélagsins af mótinu svipaður og undanfarin ár, þrátt fyrir aukinn keppendafjölda. „Fleiri keppendur þýða aukin kostnað. Hátiðin var stærrí í sniðum en á síðasta ári og mun dýrari í rekstri. Við héldum flugeldasýningu, miklu stærra ball og jukum alla öryggisgæslu. Til að mynda voru tíu manns starfandi sem öryggisverðir fyrir utan ballið á sunnudagskvöldinu. Einnig fylgir þessu mikill auglýsinga-



Frá mótinu um verslunarmannahelgina.

og markaðskostnaður.“

„Við getum áætlað að íþróttafélögin séu að fá á bilinu 6-7

milljónir fyrir helgina Þetta er kvætt,“ segir Jóhann Bæring Gunnarsson, drullusokkur. nýtt fé sem er að koma inn í samfélagið og það er mjög já-

– gudmundur@bb.is

Tæplega 600 sumarhús á Vestfjörðum

Alls voru 596 sumarhús á Vestfjörðum í lok síðasta árs en 12.225 á landinu öllu. Fjölskyldur í landinu eru 77.621, samkvæmt Hagstofu Íslands, og eiga því um 15% íslenskra fjölskyldna sína eigin sumarhúsa. Á Vestfjörðum eiga því um 8,5% fjölskyldna eigið sumarhús. Í Fréttablaðinu segir að velta á nýjum kaupsamningum vegna sumarhúsa sé að aukast á ný en byggingarframkvæmdir vegna nýrra húsa hafa dregist saman. Ný hús eru að meðaltali tvöfalt stærrí í dag en fyrir tuttugu árum. Velta vegna kaupsamninga var 2,1 milljarður í fyrra eins og árið 2006, en var 4,2

milljarðar árið 2007.

„Lítið sem ekkert var um byggingar á nýjum sumarhúsum fyrstu þrjú árin eftir efnahagshrunið. Að sama skapi dróst sala á bústöðum saman á tímabilinu, eins og á fasteignamarkaðnum öllum í landinu,“ segir í Fréttablaðinu.

Samkvæmt upplýsingum frá Fasteignaskrá hefur velta í þinglýstum kaupsamningum aukist lítillega síðan árið 2007, en hún var í sögulegu hámarki það ár þegar 270 kaupsamningum var þinglýst og var heildarveltan um 4,2 milljarðar króna, sem var helmingi meira en árið á undan. Á síðasta ári var hún 2,6 milljarðar króna fyrir 199 samninga.

Vatnslögn endurnýjuð við Hnífsdalsbryggju

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að ráðist verði í framkvæmdir við að leggja nýja vatnsheimaæð í fiskvinnslu Hraðfrystihússins-Gunnvarar við Hnífsdalsbryggju. Í bréfi frá HG, þar sem óskað er eftir endurnýjum heimaæðarinnar, segir að síðastliðið ár hafi vatnsþrýstingur fallið verulega þegar full vinnsla er í gangi og hafa starfsmenn áhaldahúss þurft að handstýra þrýstingnum. Þar sem framkvæmdin er ekki á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins hefur Hraðfrystihúsið boðist til að standa straum af kostnaði hennar og að Ísafjarð-

arbær endurgreiði kostnaðinn á næsta fjárhagsári.

Jóhann Birkir Helgason, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs, og Guðjón J. Jónsson bæjarverkstjóri hafa fylgst með vatnsheimaæðinni um nokkurt skeið. „Hugsanlega hefur lögnin fallið eitthvað saman sem gerir það að verkum að hún flytur ekki eins mikið vatn og hún gerði áður. Fyrst í stað var talið og gat væri á lögninni en nú er ljóst að svo er ekki,“ segir í minnisblaði Jóhanns Birkis. Hann lagði því til að lögð yrði 140 mm breiða lögn frá vatnstanki niður að húsi.



Vífelfell

Vífelfell er framsækið markaðs- og þjónustufyrirtæki sem starfar fyrst og fremst á sviði drykkjarvöru. Vörumerkjaflóra Vífelfells samanstendur af mörgum af þekktustu vörumerkjum veraldar og eru vörumerki frá The Coca-Cola Company þar fremst í flokki.

Við bjóðum upp á krefjandi starfsumhverfi þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar.

Vilt þú ganga til liðs við okkur?

Sölu- og þjónustufulltrúi Vífelfells á Vestfjörðum

Við leitum að metnaðarfullum, jákvæðum og þjónustulundum einstaklingi í áhugavert ábyrgðarstarf

Starfssvið

Umsjón með sölu og þjónustu við viðskiptavinum Vífelfells á Vestfjörðum auk annarra tilfallandi verkefna.

Hæfniskröfur

- Frumkvæði, sjálfstæði, skipulagshæfileikar og metnaður.
- Rík þjónustulund, áreiðanleiki og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð almenn tölvukunnátta og greiningarhæfni.

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá og mynd á netfangið steinunneva@vifilfell.is fyrir 21. ágúst.



„Hvergi er betra að búa en í Bolungarvík“

„Eldri borgarar hafa það hvergi betur en í Bolungarvík,“ segir Valdimar Lúðvík Gíslason sérleyfishafi í Bolungarvík. Valdimar er í forsvari fyrir Byggingarfélag eldri borgara í Bolungarvík sem byggir nú fimmtán íbúðir í miðbæ bæjarins. Íbúðirnar eru í norðurálm Hvíta hússins, en þar eru fyrir fjórtán eldri borgara íbúðir. Íbúðirnar sem nú eru í byggingu eru 70 og 90 fermetrar, en áætlað er að framkvæmdum ljúki fyrir næstu páska. Valdimar segir hugmyndina að byggingu íbúðanna hafa kviknað meðal eldri borgara í bænum vegna þess hve margir eldri borgarar búa í of stórum húsum. „Í mörgum húsum búa ein til tvær manneskjur og því er mikil nauðsyn fyrir íbúðir eins og þessar.“

Framkvæmdirnar eru alfarið

hugmynd eldri borgara í bænum, en Valdimar segir mikla samstöðu hafa ríkt meðal bæjarbúa um byggingu húsnæðisins. „Frjálst einkaframtak hefur alltaf lifað góðu lífi í Bolungarvík. Okkur hefur verið tekið vel af Sparisjóði Bolungarvíkur og Lífeyrissjóði Vestfirðinga sem hafa stutt við bakið á okkur. Bærinn hefur gert það líka og Vestfirskir verktakar hafa staðið sig með þryði,“ segir Valdimar, en þeir annast byggingu íbúðanna. Að sögn Valdimars er Bolungarvík spennandi valkostur til búsetu fyrir eldri borgara, en ríkisstjórnin hefur lofað því að hjúkrunarheimili muni rísa í bænum. „Gott hjúkrunarheimili, heimahjúkrun og þessar íbúðir gera Bolungarvík að góðum stað fyrir eldra fólk.“

Tölvuverður fjöldi íbúðanna er

þegar seldur og segir Valdimar að kaupendur séu mestmegnis heimamenn. „Það er ekki vandamál að selja íbúðirnar,“ segir Valdimar, sem telur að mikil hreyfing hafi orðið á húsnæðismarkaðnum í vikinni fögru eftir að Bolungarvíkurgöngin voru tekin í gangið. „Ég tel að húsnæðisverð hér nálgist verðið á Ísafirði óðfluga.“

Valdimar segir að þegar íbúðirnar verða teknar í notkun mun það hafa keðjuverkandi áhrif á húsnæðismarkaðinn í Bolungarvík. „Þá mun mikill fjöldi stærra húsnæðis losna og ungar fjölskyldur hafa meira val á húsnæðismarkaðnum og þurfa ekki að grípa til þess að ráðs að byggja sitt eigið hús.“ Hann telur að ungar fjölskyldur ættu að líta húru auga til Bolungarvíkur. „Fyrir fjölskyldu sem vill flytja vestur



Valdimar L. Gíslason.

tel ég langsamlega best fyrir þau að búa í Bolungarvík, sérstaklega ef um barnafólk er að ræða. Hér er maður ekki nema í fimm mínútna fjarlægð frá öllu og skólinn er vel rekinn. Einnig er menntaskóli á Ísafirði og það er daglegur

akstur þangað. Svo er ekkert að því að eiga heima í Bolungarvík og vinna á Ísafirði.“

„Ég flyt aldrei úr Bolungarvík. Bolvíkingar vilja helst ekki yfirgefa sína fögru vík, en hvergi er betra að búa,“ segir Valdimar.

Tvö bolvísk hús endurbyggð

Umhverfismálaráð Bolungarvík hefur samþykkt fyrir sitt leiti að veita leyfi fyrir endurbyggingu tveggja húsa þar í bæ. Í fyrsta lagi hefur erindi frá Baldri Ó. Svavarssyni arkitekt þar sem hann fyrir hönd eigendanna að Hafnargötu 122 sækir um leyfi til að endurbyggja húsið. Óskað var eftir umsögn Húsafriðunarnefndar sökum aldurs hússins og eftir að umsögnin barst var umsóknin samþykkt með þeim skilyrðum að taka skuli mið af ábendingum Húsafriðunarnefndar

varðandi útlit og frágang glugga og skal hafa samráð við nefndina um þau atriði.

Þá var einnig tekin fyrir umsókn frá Pálma Gestssyni þar sem óskað er eftir leyfi til endurbyggingar á pakkhúsi/hjalli sem stóð við norðurgöf íbúðarhússins að Miðstræti 3. Markmiðið er að byggja pakkhúsið í sinni upprunalegu mynd, úr timbri á steingrunni. Húsið að Miðstræti 3 er elsta húsið í Bolungarvík, en það var byggt um 1900. Það var jafnframt æskuheimili leikarans góðkunnna sem undanfarin ár hefur

unnið að því að gera húsið upp.

Á fundi ráðsins var jafnframt tekin fyrir munnleg fyrirspurn frá Pálma varðandi svæði sem er austan við lóð hans að Miðstræti 3 og áður tilheyrði þeirri lóð. Byggingarfulltrúa var falið að fara yfir lóðarblöð aðliggjandi lóða og samræma stærðir þeirra og leggja fyrir umhverfismálaráð. Umhverfismálaráð tekur jákvætt í fyrirspurn Pálma og óskar eftir upplýsingum frá honum um hvernig hann hyggt nýta svæðið.

– thelma@bb.is

Skemmtiferðaskipa vertíðinni hvergi nærri lokið

Enn er von á fjórum skemmtiferðaskipum til Ísafjarðar í ágúst sem bera um 5.600 farþega. Von er á Oriana föstudaginn 24. ágúst en það er tæplega 70.000 tonn að þyngd og ber um 2.100 farþega. Því næst er von á Prinsendam sem er tæplega 38.000 tonn og ber um 800 farþega.

Í lok mánaðarins er svo von á Quest for an adventure sem oft hefur heimsótt Ísafjörð á fyrri árum undir nafninu Saga Pearl II. Skipið, sem er rúmlega 18.500 brúttótonn að stærð, var smíðað

árið 1981 og hefur siglt um allan heim undanfarna þrjá áratugi og hét áður Astoria. Síðasta skip mánaðarins er svo Boudicca, sem einnig heimsótti Ísafjörð um verslunarmannahelgina, en það er rúm 28.000 tonn og ber 900 farþega.

Eins er eitt skip væntanlegt í september en það er hið tæplega 12.000 tonna MV Fram sem ber um 280 farþega. Alls hafa þá tæplega 30.000 manns ferðast til Vestfjarða með skemmtiferðaskipum í sumar. – thelma@bb.is



„Viljum ekki bara ríka Rússa“

„Það kemur ekki á óvart að Samtök ferðaþjónustunnar séu að hvetja til þessa. Það er búið að setja tölvuert af peningum í svona markaðssetningu fyrir ráðstefnur og fundi. Ferðaþjónar á landsbyggðinni hagnast hinsvegar ekki mikið á því á því að reynt sé að fylla Hörpu,“ segir Gústaf Gústafsson framkvæmdastjóri Mark-

aðsstofu Vestfjarða. Fram kemur á vef Ríkisútvarpsins að Samtök ferðaþjónustunnar telji mikilvægt að koma upp dýrri afþreyingu hér á landi til að lokka fleiri ríka ferðamenn til landsins. Erlendir ráðstefnugestir eru þeir sem eyða einna mest á ferðalögum hér á landi. Gústaf segir að þótt eyðsla erlendra ferðamanna

á Íslandi hafi lækkað að undanfögnu, beri að fara varlega í að einblína á ríka ferðamenn.

„Ráðstefnugestir eru draumur í dós fyrir fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu en koma lítið til með að hjálpa ferðaþjónustunni á landsbyggðinni. Það er hinsvegar bundið frumkvæði ferðaþjóna á landsbyggðinni hvernig hún

breyst við þessu. Á Vestfjörðum sjáum við dæmi um fyrirtæki eins og Borea Adventures og Heydal í Mjóafirði sem þróa vörur utan ferðamannatímabilsins og lengja tímabilið,“ segir Gústaf.

Gústaf telur það ekki gagnast Vestfjörðum að einblína á ríkari ferðamenn og tilraunir til að lokka þá hingað umfram aðra.

„Við viljum sjálfbæra ferðaþjónustu. Með því að bjóða ferðamönnum upp á góða upplifun ertu að gera rétt. Einstaklingur með venjulegt launaumslag er tilbúinn til að borga góða summu fyrir góða upplifunum. Við viljum við ekki bara ríka Rússa,“ segir Gústaf Gústafsson.

– gudmundur@bb.is

Vilja gera melrakkann að þjóðardýri Íslendinga

Melrakkasetur Íslands í Súðavík stefnir að því að gera melrakkann að þjóðardýri Íslendinga. „Unnið verður að því leynt og ljóst enda nokkurn veginn í höfn að tófan sé orðin einkennisdýr Vestfjarða,“ segir í ársskýrslu setursins og er bætt við að ekki eingöngu sé melrakkinn frumbyggji landsins, heldur sé hann einnig þeim kostum búinn sem okkur sjálfum þykja eftirsóknarverðir. „Refurinn getur verið

táknmynd fyrir allt það náttúrulega og íslenska; hann ástundar heilbrigða lifnaðarhætti og sýnir hófsemi þegar nóg er að af öllu en bjargar sér með hyggindum og hófsemi þegar kuldi og hungur sverfir að. Við getum lært margt af þessu litla dýri og það er okkar hlutverk að leyfa þjóðinni að kynnast því betur.“

Í ársskýrslunni segir jafnframt að gestafjöldi á setrinu hafi tvöfaldast milli ára og að hróður

þess hafi borist víða sem áfangastaður og fyrsta val þeirra sem ferðast gagnert tila þ sjá og skilja betur náttúru og dýralíf á norrænum slóðum.

„Við í Melrakkasetrinu finnum fyrir sterkum meðbyr og jákvæðni í garð litla verkefnisins okkar, bæði héraðs og erlendis. Við erum ánægð með að fá tækifæri til að taka þátt í uppbyggingu á menningar- og náttúrutengdri ferðaþjónustu á Vestfjörðum.“



Sælkerar vikunnar eru Petra Dögg Karvel og Leifur Blöndal á Suðureyri

Grilluð lúða með pönnusteiktum kartöflum

Grilluð lúða með pönnusteiktum kartöflum, sólþurrkuðum tómötum og fetaosti og grilluðu grænmeti.

I stk lúða passlega stór, flökuð. Sett á grillbakka (með götum) roðið niður.

Kryddað með sítrónupipar, pínu salt og pipar og smá hvítlaukskryddi. Grillað í ca 9-10 mínútur, fereftir stærð fisksins.

Grillað grænmeti á álbacka: Paprika, sveppir, gulrætur, rófur, laukur og krydd eftir

smekk (við notum svartan og hvítan pipar, garlic pepper og lime pepper úr kvörnu).

Kartöflur soðnar, skornar í tvennt ef stórar. Ef þær eru forsoðnar, skella þeim þá beint á pönnuna.

Olía af sólþurrkuðum tómötum sett á pönnu, kartöflunar steiktar upp úr henni, hella tómötunum út á og steikja í nokkrar mínútur. Tekið af pönnunni og fetaosti ásamt smá af olíunni hellt yfir. Tilbúið.

Skolað niður með ísköldu hvítvíni.

Klassískur ávaxtaréttur í eftirrétt

Makkarónukökur muldar í eldfast mót. Smá appelsínusafa/þykkni hellt yfir til að bleyta í kökunum (ekki of mikið, kemur svo mikill safi af ávöxtunum á móti).

Jarðaber, kíwí, bláber, bananar, vínber, eða þeir ávextir sem til eru í ísskápnum. Skorið í bita og



sett yfir. Súkkulaðidropum frá Nóa stráð yfir. Sykurpúðar (ef vill) og kókosbollur skornar í tvennt og sett yfir ávextina. Heit súkkulaði-íssósa sett yfir allt saman og hitað í ofni á 170-180°C

þangað til kókosbollur eru gylltar. Má líka vera ferskt.

Við skorum á Ævar Einarsson og Thitikan Janthawong á Suðureyri að vera næstu sælkerar.



Verð
159
krónur stk.

Staedtler blýantur HB. Þríhyrndur. Blandaðir litir.



Allar
gerðir
yddara




Verð
269
krónur

Milliblöð A4 plast. 6 litir.



Verð
399
krónur

Milliblöð A4. Númeruð frá 1- 12.



Verð
799
krónur stk.

A4 Tímaritabox fást í rauðu, svörtu, bláu og hvítu.



Verð
379
krónur stk.

A5 Stílabók virheft 9mm. Ýmsir litir.

ÁFRAM NÁMSMENN



Bókhalds-
námskeið?
þarf maður virkilega
að læra að
halda á bók.



Vildarklúbbur fyrir námsmenn

5% afsláttur af ÖLLUM SKÓLA-
VÖRUM einnig af tilboðum

Sérstök vildarverð á völdum vörum. Taktu eftir merkinu!

Skráðu þig í næstu heimsókn!

30%
AFSLÁTTUR MEÐ
VILDARAFSLÆTTI

Verð nú kr. **69,-**
Verð áður kr.: 99,-
Gildir til og með 17. ágúst.

SKIPTI- BOKA- MARKAÐUR

LOKSINS!
Skiptibókamarkaður Griffills í Eymundsson Isafirði.



GRIFFILL
ALLTAF ÓDÝRARI

Eymundsson
Bóksali frá 1872